

Öryggisábendingar fyrir notendur slípiverkfæra frá sia Abrasives

Röng notkun slípiverkfæra er hættuleg og getur valdið meiðslum. Þar við bætist hættu af völdum ryks, flísa, slípiagna og brota úr hlutum sem verið er að slípa, eða ef verkfærishluti sem snýst eða slípiband losnar og þeytist burt, einnig hættu vegna snertingar við tæki í gangi, hávaða, titrings, engrar eða rangrar notkunar á hlífum, raflosts af völdum rafstöðuhleðslu, eld- og sprengihættu af völdum fljúgandi flísa, slípiryks eða neista.

Þess vegna er nauðsynlegt að gera sér skýra grein fyrir þeim hættum sem geta fylgt hverri slípiáðgerð, einkum þó:

- ▶ að fara eftir leiðbeiningum framleiðanda vélar eða slípiverkfæris.
- ▶ að nota allan öryggis- og hlífðarbúnað sem framleiðandinn gerir ráð fyrir.
- ▶ að framkvæma enga slípun án þess að nota tilheyrandi hlífar. Við notkun slípirokka með meiri snúningshraða en 63 m/s eru hlífar algjörlega nauðsynlegar.
- ▶ að ganga úr skugga um að slípiverkfærið henti fyrir það verk sem á að framkvæma. Til blautslípunar má eingöngu nota slípiverkfæri sem sérstaklega eru til þess ætluð.
- ▶ að láta aðeins sérhæft og vel upplýst starfsfólk vinna með slípivélar.
- ▶ að bera persónuhlífar sem henta hverju verki (hlífðarhanska, hlífðargleraugu, andlitsgrímu, rykgrímu, heyrnarhlífar, leðursvuntu, öryggisskó). Ekki má vera með laust sítt hár, flagsandi fatnað eða hangandi skartgripa við slípun.
- ▶ að nota rykhreinsibúnað.
- ▶ að gæta varúðar við flutning og geymslu slípivéla og festingu slípara á vél.
- ▶ að ganga úr skugga um að slíparinn sé rétt ásettur; kringlóttu slípara skal alltaf miðjufesta og eingöngu nota þar til ætlaðar undirplötur. Slípurum með riflás- eða límfestingu þarf að þrýsta fast niður á allan festiflötinn. Slípiband með snúningsör þarf að gæta að spennu rétt á tækið miðað við snúningsstefnuna.
- ▶ að fjarlægja mjög eldfim efni áður en slípað er. Koma þarf í veg fyrir eða draga úr rafstöðuhleðslu.
- ▶ að snúningshraði sé ekki meiri en leyfilegt er. Eftir að búíð er að setja slíparann á tækið skal fyrst prófa vinnsluna. Ekki má halla slípivélinni til að sverfa upp úr slípifleti. Slípivél sam haldið er í hendi má ekki leggja frá sér fyrr en hún hefur algjörlega stöðvast.
- ▶ Slípiverkfærum á að farga í samræmi við reglur á viðkomandi stað.